

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030**  
**vegna Krossdals í Kelduhverfi.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 22. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurþings þann 29. apríl 2014.

Í breytingartillögunni felst nýtt verslunar- og þjónustusvæði, V8, í landi Krossdals í Kelduhverfi. Skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæðinu verður bætt við töflu 23.6 í kaflanum Skipulag dreifbýlis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 22. maí 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2014